

Til: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Frá: Rán Tryggvadóttur, formanni höfundaréttarnefndar

22. september 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, 870. mál (eintakagerð til einkanota).

Frumvarpið sem um ræðir varðar endurskoðun á 11. gr. höfundalaga vegna breytts tækniuhverfis. Í 1. mgr. 11. gr. er kveðið á um takmörkun á einkarétti höfunda til að heimla eða banna eintakagerð af verkum sínum að því leyti að einstaklingum er heimilt að gera eintök til einkanota. Þessi takmörkun, eins og aðrar takmarkanir á höfundarétti, er til þess að tryggja aðgang og not almennings af höfundaréttarvernduðum verkum.

Þessi takmörkun hefur verið í höfundalögum frá upphafi. Jafnframt hefur ávallt verið ákvæði um endurgjald til höfunda vegna þessarar takmörkunar. Er það til þess að tryggja að höfundar fái bætur vegna eintakagerðarinnar. Aðaltilgang þessa frumvarpsins er að tryggja að við mat á upphæð slíks gjalds til höfunda sé tekið eðlilegt tillit til nýrrar tækni en eins og rakið er í frumvarpinu hefur endurgjaldið verið miðað við tækni sem er að miklu leyti úrelt og því hefur endurgjald til höfunda farið sífellt minnkandi undanfarin ár. Ef frumvarpið nær fram að ganga fá höfundar og aðrir réttshafar áfram sanngjarnar bætur vegna takmörkunar á einkarétti þeirra skv. 1. mgr. 11. gr. með því að viðmið um gjald verða uppfærð með hliðsjón of nýrri tækni sem notuð er til eintakagerðar til einkanota.

Það sem er nýtt í þessu frumvarpi er í fyrsta lagi að tekið er fram að þessi takmörkun miðist eingöngu við eintakagerð til einkanota af löglegum eintökum. Nauðsynlegt þykir að tekið sé skýrt fram að heimildin til að gera eintök af verkum til einkanota miðast við lögleg eintök, en því hefur verið haldið fram að með þessu gjaldi sé verið að heimila ólöglega eintakagerð, sem er ekki rétt. Í öðru lagi er fyrirkomulagi gjaldsins breytt úr því að vera endurgjald fyrir not í það að vera ein fjárhæð sem ákveðin er í fjárlögum hvers árs og felur í sér sanngjarnar bætur fyrir tjón sem höfundar verða fyrir vegna þessarar takmörkunar á einkarétti þeirra eins og nánar er rakið í athugasemdum með frumvarpinu.

Ef frumvarpið verður að lögum munu ákvæði íslenskra höfundalaga um gjald vegna takmörkunarinnar vera í samræmi við ákvæði annarra nágrannaþjóða.

Af þeim sökum er mjög mikilvægt að frumvarpið nái sem fyrst fram að ganga svo höfundar og aðrir réttshafar fái aftur eðlilegt gjald fyrir framangreinda eintakagerð til einkanota. Slíkt gjald mun jafnframt styrkja fjárhagslegt umhverfi höfunda til frekari sköpunar á næstu árum.